

Reikningsskilaráð ríkisins

1. Fundur – 16. nóvember 2016 kl. 13:30

FUNDARGERÐ

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Ólafur Hjálmarsson Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Margrét Björk Svavarsdóttir.
- Fulltrúar ríkisendurskoðanda: Sveinn Arason og Ingi K. Magnússon.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Kynning fundarmanna. Formaður bauð fundarmenn velkomna á þennan fyrsta fund reikningsskilaráðs ríkisins og í framhaldinu kynntu fundarmenn sig.

2. Hlutverk reikningsskilaráðs sbr. lög nr. 123-2015. Farið yfir 63. gr. og 52. gr. laga um opinber fjármál og var farið yfir tilkynningu um verkefni og hlutverk ráðsins sem birt verður á heimasíðu ráðsins. <https://www.fjarmalaraduneyti.is/raduneytid/nefndir/nr/22194>.

3. Störf ráðsins og fyrirkomulag funda. Ákveðið var að frá og með 1. janúar 2017 muni ráðið hafa fasta mánaðarlega fundi fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði kl. 9. Gert er þó ráð fyrir að á meðan er verið að innleiða nýja reikningsskilastaðla fundi ráðið oft. Næsti fundur er boðaður mánudaginn 28. nóvember kl. 13:00. Ákveðið var að fundargerðir, úrskurðir og aðrar ákvarðanir ráðsins verði birtar á vef ráðsins.

4. Verkefni framundan. Forgangsröðun. Farið var yfir helstu mál sem eru á forgangslista og þarf að taka á ákvörðun um á næstu fundum ráðsins:

- LOF og ársreikningalögin mtt.innleiðingar IPSAS hjá ríkissjóði. Skoða núgildandi lög og meta hvort talin er þörf fyrir einhverjar lagabreytingar.
- Hvernig fellur núverandi reikningshald að einstökum stöðlum IPSAS.
- Setja þarf upp yfirlit sem sýni hvaða staðla núverandi reikningshald uppfyllir þegar í upphafi og hverja þarf að innleiða síðar.
- Á að þýða IPSAS á íslensku, gera úrdrátt á íslensku eða notast við enska útgáfu?
- Greina þarf tengslin á milli IPSAS og GFS.
- Skipun vinnuhópa á vegum reikningsskilaráðs. Mikilvægt er að skipa undirhópa sem ráðið getur falið að vinna að ákveðnum sérfræðiverkefnum á milli funda.

5. Önnur mál. Á næsta fundi leggur Fjársýslan fram helstu gögn og yfirlit um þau verkefni sem unnið hefur verið að í tengslum við innleiðinguna á IPSAS.

Umræður fóru fram um:

- Samkvæmt LOF gilda ársreikningalög um stofnanir ríkisins en IPSAS um reikningsskil A-hluta ríkissjóðs.
- Rætt var um breytingar á skiptingu tekna milli ríkisstofnana og ríkissjóðs þ.á.m. um markaðar tekjur og tryggingagjald.
- Hvaða viðmið skulu lögð til grundvallar varðandi varanlega rekstrarfjármuni í fjárlögum og ríkisreikningi.

Fundi slitið kl. 15:00